

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Dimax Rapid 50 mg filmhúðaðar töflur

diclofenackalíum

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Dimax Rapid og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Dimax Rapid
3. Hvernig nota á Dimax Rapid
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Dimax Rapid
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Dimax Rapid og við hverju það er notað

Dimax Rapid inniheldur diclofenackalíum.

Dimax Rapid verkar gegn **verkjum** (verkjastillandi) og **bólgu** (bólguþandi). Lyf með þessa eða svipaða eiginleika kallast einnig bólguþandi gigtarlyf sem ekki eru sterar (NSAID).

Dimax Rapid er notað sem:

Skammtíameðferð við eftirtöldu

- gigtarsjúkdómum í mjúkvefjum (t.d. belgbólgu eða sinabólgu)
- verk eða bólgu vegna slyss eða aðgerðar (þ.m.t. tannaðgerð)
- tíðaverk (tíðaverk án undirliggjandi sjúkdóms)

Bráð meðferð við mígreni, með eða án fyrirboðaeinkenna.

Dimax Rapid 50 mg er ekki ætlað börnum yngri en 16 ára.

2. Áður en byrjað er að nota Dimax Rapid

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknisins og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Dimax Rapid:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir díklófenaknatríum, aspíríni, íbúprófeni eða einhverju öðru bólguþandi gigtarlyfi, eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. (Talið upp í kafla 6). Einkenni ofnæmisviðbragða geta meðal annars verið bólga í andliti og munni (ofnæmisbjúgur), öndunarerfiðleikar, verkur fyrir brjósti, nefrennsli, útbrot eða einhver önnur ofnæmisviðbrögð.
- ef þú ert með maga- eða skeifugarnarsár, blæðingu eða rof
- ef þú hefur sögu um blæðingu/rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri verkjalyfjanotkun (bólguþandi gigtarlyf)
- ef þú hefur fengið magasár eða blæðingu í tvö skipti eða oftar
- á síðustu 3 mánuðum meðgöngu
- ef þú ert með verulegar starfstruflanir í lifur eða nýrum

- ef þú ert með staðfestan hjartasjúkdóm og/eða sjúkdóm í heilaeðum, t.d. ef þú hefur fengið hjartaáfall, heilablóðfall, skammvinnt blóðþurrðarkast í heila eða þrengingu í æðar sem liggja til hjarta eða heila eða ef þú hefur farið í aðgerð til að losa um þrengingar eða leiða framhjá þeim
- ef þú ert með, eða hefur verið með, vandamál tengd blóðrás (útslagæðakvilli)
- ef þú ert með Purpuraveiki (porfýría, truflun í myndun blóðrauða)
- ef þú hefur **vandamál er tengjast blóðmynd og tilhneigingu til blæðinga**
- ef þú hefur áður fengið ofnæmisviðbragð eins og astma, hnerra eða útbrot við notkun verkjalyfs sem inniheldur acetylsalicylsýru eða önnur lyf við verk/bólgu í hópi bólgueyðandi gigtarlyfja

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en Dimax Rapid er notað:

- ef þú hefur nýlega farið í eða átt að fara í skurðaðgerð á maga eða meltingarvegi, þá getur Dimax Rapid stundum valdið því að sár gróa verr í meltingarvegi eftir skurðaðgerð.
- ef þú ert með **berkjuastrma** (öndunarfarasjúkdóm ásamt öndunarerfiðleikum), árstíðabundna ofnæmisbólgu í nefi, bólgu í nefslímhúð, endurtekna lungnasjúkdóma eða sýkingu í öndunarvegi
- ef þú ert með blóðstorkukvilla
- ef þú ert með starfstruflanir í nýrum
- ef þú verður fyrir **miklu vökvatapi** (t.d. fyrir eða eftir stóra aðgerð)
- ef þú ert með starfstruflun í lifur
- ef þú ert með **sáraristilbólgu** eða **Crohns sjúkdóm** (sérstakan ristilsjúkdóm)
- ef þú átt á hættu að fá sýkingu
- ef þú reykir
- ef þú ert með sykursýki
- ef þú ert með hjartaöng, blóðtappa, háan blóðþrýsting, hækkað kólesteról eða aukningu á þríglýseríðum.
- ef þú hefur einhvern tíma fengið alvarleg húðútbrot eða flögnun húðar, blöðrumyndun og/eða sár í munni eftir notkun Dimax Rapid eða annarra verkjalyfja.

Hægt er að draga úr aukaverkunum með því að nota **minnsta virka skammt** í eins stuttan tíma og nauðsynlegt er til að halda einkennum niðri.

Langtímanotkun hvers konar verkjalyfja við höfuðverk getur valdið því að hann versni. Ef þessi staða kemur upp eða grunur er um hana, skal leita ráða hjá lækni og stöðva skal meðferð.

Rannsóknir

Þegar Dimax Rapid er notað í langan tíma mun læknirinn fylgjast reglulega með lifrargildum, nýrnastarfsemi og blóðtalningu.

Blæðing í meltingarvegi, sár og rof

Meðferð með öllum bólgueyðandi gigtarlyfjum getur valdið blæðingu í meltingarvegi, sári og rofi, hugsanlega lífshættulegum. Hættan á að veikjast er meiri

- eftir því sem skammtur bólgueyðandi gigtarlyfjanna er stærri
- hjá sjúklingum sem hafa áður fengið sár, einkum ef því hefur fylgt blæðing eða rof,
- hjá öldruðum sjúklingum

Ef þú ert með einhvern þessara áhættuþátta og/eða ef þú ert einnig í meðferð með

- litlum skömmtum af **acetylsalicylsýru** sem segavarnarlyf
- öðrum lyfjum sem auka hættu á sjúkdómum í meltingarvegi

mun læknirinn hugsanlega að auki ávísar **lyfi sem verndar meltingarveginn**.

Ef þú hefur **áður fundið fyrir aukaverkunum í meltingarvegi** skalt þú segja læknum frá öllum óvenjulegum einkennum frá kvið. Þetta á sérstaklega við blæðingu frá maga eða þörmum.

Slíkar blæðingar má þekkja með svörtum lit á spýju eða í hægðum. Aldraðir eru í sérstakri hættu.

Ef þú færð blæðingu frá meltingarvegi eða sár á meðan þú notar Dimax Rapid verður að hætta meðferðinni.

Áhrif á hjarta- og heilæðar

Lyf eins og Dimax Rapid tengjast hugsanlega lítilla aukinni hættu á hjartaáfalli (hjartdrepri) eða heilablóðfalli. Þessi hættu er meiri við notkun stórra skammta og við meðferð í langan tíma. Ekki skal taka stærri skammt eða nota lyfið í lengri tíma en ráðlagt er.

Húðviðbrögð

Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum húðviðbrögðum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja, sem fela í sér **roðapot og blöðrumyndun**, stundum lífshættuleg. Um leið og einkenni **kvilla** í húð eða **slímhúð** koma fram skal **hætta** að nota Dimax Rapid og **láta lækninn vita** án tafar. Þetta á einnig við um önnur einkenni ofnæmisviðbragða (sjá einnig kafla 4).

Aldraðir sjúklingar

Aukaverkanir koma **oftar** fram hjá öldruðum eða viðkvæmum ölduðum sjúklingum sem nota bólgueyðandi gigtarlyf. Blæðing og rof í maga og þörmum eru þau áhrif sem valda sérstökum áhyggjum og eru í sumum tilvikum lífshættuleg.

Börn og unglingar

Dimax Rapid er ekki ætlað börnum yngri en 16 ára.

Notkun annarra lyfja samhliða Dimax Rapid

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þú skalt forðast að nota Dimax Rapid á sama tíma og:

- **önnur** bólgueyðandi og verkjastillandi lyf í flokki bólgueyðandi gigtarlyfja (**NSAID**)
- **COX-2 hemla** (einnig bólgueyðandi lyf)
- **sykurbarkstera** (bólgueyðandi lyf)

Læknirinn mun meta þetta í hverju tilviki fyrir sig.

Gæta skal sérstakrar varúðar þegar Dimax Rapid er notað ásamt:

- **digoxini** (lyf sem eykur styrk og þrótt hjartans)
- **lithiuni** (lyf notað við geðrænum/tilfinningalegum vandamálum)
- lyfjum sem vinna **gegn vökvauppsöfnun** (þvagræsilyf)
- lyfjum sem auka magn kalíums í blóði
- **blóðþrýstingslækkandi lyfjum, þ.m.t. beta-blokkum, ACE hemlum og angíótensín II viðtakahemlum** (sömu leiðis lyf til að meðhöndla skerta hjartastarfsemi og lækka blóðþrýsting)
- ákveðnum **þunglyndislyfjum** (sértækir serótónínenduruppptökuhemlar)
- **methotrexati** (annað gigtarlyf)
- **segavarnarlyfjum**, lyf eins og warfarin (til að fyrirbyggja blóðtappa)
- **ciclosporini** (hindrar ónæmisvarnir líkamans)
- **lyfjum sem lækka blóðsykur** (sykursýkislyf)
- **kínólón sýklalyfjum** (lyf við bakteríusýkingum)
- **colestiol/cholestyramini** (blóðfitulækkandi lyf)
- **phenytoini** (lyf við flogum)
- **voriconazoli** (lyf við sveppasýkingum)
- **sulfinpyrazoni** (lyf við þvagsýrugigt)

Meðganga

Ekki taka Dimax Rapid ef þú ert á síðustu 3 mánuðum meðgöngu þar sem það gæti skaðað ófætt barnið eða valdið vandamálum við fæðingu. Það getur valdið nýrna- og hjartavandamálum hjá ófæddu barninu. Það getur haft áhrif á blæðingartilhneigingu þína og barnsins og valdið því að fæðingarhríðir komi seinna eða verði lengri en búist var við. Þú skalt ekki taka Dimax Rapid á fyrstu 6 mánuðum

meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til og samkvæmt ráðleggingum læknis. Ef þú þarft á meðferð að halda á þessu tímabili eða á meðan þú ert að reyna að verða þunguð, ætti að nota minnsta skammtinn í eins stuttan tíma og mögulegt er.

Ef Dimax Rapid er tekið í meira en nokkra daga eftir 20. viku meðgöngu getur það valdið nýrnvandamálum hjá ófæddu barninu, sem getur leitt til of lítills magns legvatns sem umlykur barnið (legvatnsþurrð) eða þrengingu í blóðæð (slagrás) í hjarta barnsins. Ef þú þarft á meðferð að halda lengur en í nokkra daga gæti læknirinn mælt með frekari eftirliti.

Brjóstgjöf

Virka efnið diclofenac berst í brjóstamjólki í litlu magni. Því á ekki að nota Dimax Rapid á meðan á brjóstgjöf stendur.

Frjósemi kvenna

Eins og við á um önnur lyf sem hindra nýmyndun prostaglandína (myndun ákveðinna vefjahormóna), getur Dimax Rapid gert það erfiðara að verða barnshafandi. Þú skalt láta lækninn vita ef þú ráðgerir að verða barnshafandi eða hefur átt í erfiðleikum með að verða barnshafandi.

Akstur og notkun véla

Dimax Rapid getur valdið aukaverkunum eins og sjóntruflunum, svima, sundli og syfju. Vegna þessa getur viðbragðshæfni breyst og hæfni til aksturs og notkunar véla minnkað.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Dimax Rapid 50 mg inniheldur laktósa

Ef læknirinn hefur sagt þér að þú hafir óþol fyrir sumum gerðum sykurs, skaltu hafa samband við lækninn áður en þú notar þetta lyf.

Dimax Rapid 50 mg inniheldur natríum

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er nær natríumsnautt.

3. Hvernig nota á Dimax Rapid

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Lyfjagjöf

Takið Dimax Rapid **án þess að tyggja það, með vökva, helst fyrir máltíð.**

Lengd notkunar

Læknirinn sem sér um meðferðina ákveður hve lengi þú átt að nota lyfið.

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna og unglinga eldri en 16 ára er

Upphafsskammtur er almennt 2-3 töflur af Dimax Rapid 50 mg á dag. Í vægari tilfellum nægir venjulega að taka 1-2 töflur af Dimax Rapid 50 mg á dag.

Dagsskammtinn skal taka í tveimur til þremur aðskildum skömmtum.

Tíðaverkir:

Taka skal 1-3 töflur af Dimax Rapid 50 mg á dag, í einum til þremur skömmtum.

Skammtinn skal aðlaga einstaklingsbundið. Taka skal minni skammt (1-2 töflur) í upphafi, sem má auka í þrepum á milli blæðinga.

Meðferðin hefst um leið og verkur byrjar að koma fram og stendur í nokkra daga, eftir því hve mikill verkurinn er.

Mígreni:

Taka á eina töflu af Dimax Rapid 50 mg þegar fyrstu einkenni mágrenis koma fram.

Í tilfellum þar sem ekki hefur náðst næg verkjastilling eftir 2 klst. má taka 1 töflu (50 mg) til viðbótar. Ef nauðsynlegt þykir, má að auki taka Dimax Rapid 50 mg töflu með 4-6 klst. millibili.

Ekki taka meira en 4 töflur af Dimax Rapid 50 mg á dag.

Notkun handa börnum og unglingum

Dimax Rapid 50 mg skal ekki nota fyrir börn yngri en 16 ára.

Ef stærri skammtur en mælt er fyrir um er tekinn

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið tekinn, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Láttu lækinn vita án tafar ef grunur er um ofskömmtun Dimax Rapid.

Ef gleymist að taka Dimax Rapid

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka, haldið áfram meðferðinni og takið næsta skammt.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Aukaverkanir eru yfirleitt skammtaháðar og breytilegar frá einum sjúklingi til annars. Hættan á magablæðingu (sári, skemmd á slímhúð, bólgu í magaslímhúð) er sérstaklega háð skammtastærð og tímalengd notkunar.

Til að meta aukaverkanir hefur tíðni verið skilgreind á eftirfarandi hátt:

Alvarlegar aukaverkanir og viðbrögð við þeim

Hættu að nota Dimax Rapid og hafðu tafarlaust samband við lækni ef vart verður við:

- Aukna hjartsláttartíðni, lækkun blóðþrýstings sem veldur losti (einkenni alvarlegra ofnæmisviðbragða). Þetta getur komið fram þegar lyfið er tekið í fyrsta skipti, en er mjög sjaldgæft.
- Þrota í andliti, vörum, munni, tungu eða hálsi sem getur valdið kyngingar- eða öndunarerfiðleikum (ofsabjúgur). Þetta kemur örsjaldan fyrir.
- Alvarleg húðviðbrögð, þ.á.m. blóðrumyndun, rauða eða fjólubláa bletti eða húðflögnun. Þetta getur líka haft áhrif á munn, augu og aðra slímhúð (Stevens-Johnson heilkenni, eitrunardrep í húðþekju og regnbogaroði). Þetta kemur örsjaldan fyrir.
- Slæman verk ofarlega í kviðarholi, uppköst, blóðug uppköst, blóðugan niðurgang og svartar hægðir (einkenni maga-/þarmablæðinga eða sára). Þetta er mjög sjaldgæft.
- **Væga krampa og eymsli í kvið** sem byrja stuttu eftir að meðferð með Dimax Rapid hefst og þeim fylgir blæðing frá endaparmi eða blóðugur niðurgangur, yfirleitt innan sólarhrings frá því að kviðverkur kemur fram (tíðni ekki þakkt, ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).
- **Grunn sár** í munni, hiti, særindi í hálsi, blóðnasir og mar, einkenni sem líkjast influensu, verulegt þróttleysi, (einkenni blóðmyndunartruflunar, fækkun á fjölda mismunandi gerða af blóðkornum). Þetta kemur örsjaldan fyrir. Ekki skal nota verkjalyf til að lækka hitann.
- Slæman **höfuðverk**, ógleði, uppköst, **hita**, stífni í hnakka eða skerta meðvitund (einkenni heilahimnubólgu). Þetta kemur örsjaldan fyrir.
- **Minnkaðan þvagútskilnað**, vökvauppsöfnun í líkamanum og almennan lasleika (einkenni nýrnasjúkdóms eða nýrnabilunar). Þetta kemur örsjaldan fyrir.

- Alvarleg ofnæmisviðbrögð í húð, sem geta m.a. verið stórir, útbreiddir rauðir og/eða dökkir blettir, þroti í húð, blöðrur og kláði (útbreidd endurtekin lyfjaútbrot með blöðrum á sama stað).

Eftirtalin einkenni koma fram skalt þú **láta lækinn vita** eins fljótt og hægt er:

- **Ofsakláði** (eins konar húðútbrot með ljósrauðum upphleyptum bólum sem kláði er í). Þetta er mjög sjaldgæft.

Aðrar aukaverkanir

Eftirtaldar aukaverkanir geta komið fram á meðan á meðferð með Dimax Rapid stendur:

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Höfuðverkur, sundl
- Að finnast allt hringsnúast eða þyrlast um (svimi)
- Verkur ofarlega í kviðarholi, ógleði, uppköst, niðurgangur, meltingartruflanir, vindgangur, lysterleysi
- Hækkun lifrarensíma í blóði
- Húðútbrot og erting

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum):

- Syfja
- Hvæsandi andardráttur og mæði (astmi)
- Starfstruflun í lifur, þar með talin lifrabólga með eða án gulu
- Bólga í magaslímhúð, sár í maga og skeifugörn (hugsanlega ásamt blæðingu og rofi)
- Vökvasöfnun, einkenni eru m.a. bólgur ökkla (bjúgur)

Koma örsjaldan fyrir (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10.000 einstaklingum):

- Geðræn/tilfinningaleg vandamál, þunglyndi, kvíði, martraðir
- Skyn- og minnstruflanir, að vera illa áttaður, syfja, pirringur, krampar, skjálfti
- Bragðskynstruflanir
- Stingir eða dofi í fingrum
- Sjóntruflanir (þokusýn eða tvísýni)
- Suð fyrir eyrum og skert heyrn
- Hraður eða óreglulegur hjartsláttur (hjartsláttarónot), brjóstverkur, hjartabilun, hjartadrep, hár blóðþrýstingur
- Bólga í æðum (æðabólga)
- Bólga í lungum (lungnabólga)
- Einkenni frá neðri hluta kviðarhols og sjúkdómar í görn, svo sem blæðing og bólga, versnun Crohns sjúkdóms/sáraristilbólgu
- Bólga í munn eða tungu, skemmdir í vélinda, hægðatregða
- Bólga í brisi
- Mjög bráð lifrabólga B (bólga í lifur) og alvarlegir lifrarsjúkdómar
- Litlir blóðfleckir undir húð (purpuri, einnig vegna ofnæmis), húðútbrot, exem, ljósnæmi, hárlos, roði í húð, kláði
- Bráð starfstruflun í nýrum, prótein í þvagi, blóð í þvagi, nýrungaheilkenni (uppsöfnun vatns í líkamanum og mjög mikill útskilnaður próteina í þvagi), skemmdir á nýrnavef
- Erfiðleikar við að fá reðurstöðu (getuleysi)

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum):

- Verkur fyrir brjósti, sem getur verið einkenni hugsanlegra alvarlegra ofnæmisviðbragða, hjartaviðbragða, sem kallast Kounis heilkenni. Láttu lækinn strax vita ef þú verður var við verkjum fyrir brjósti.
- Lyf eins og Dimax Rapid 50 mg tengjast hugsanlega lítilega aukinni hættu á hjartaáfalli (hjartadrepi) eða heilablóðfalli.
- Ofnæmisviðbrögð í húð, sem geta falið í sér hringlaga eða sporöskjulaga bletti með roða og bólgu í húð, blöðrur og kláði (endurtekin lyfjaútbrot á sama stað). Dökknun húðarinnar á viðkomandi svæðum getur einnig komið fram og haldist eftir að sár hefur gróið. Þessi

lyfjaútbrot (endurtekin lyfjaútbrot á sama stað) koma venjulega aftur fram á sama stað eða stöðum ef lyfið er tekið aftur.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Dimax Rapid

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Dimax Rapid inniheldur

- Virka innihaldsefnið er diclofenackalíum.
Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 50 mg af diclofenackalíum.
- Önnur innihaldsefni eru:
Örkristallaður sellulósi, laktósaehýdrat, maíssterkja, natriumkarmellósa, magnesíumsterat, vatnsfrí kísilkvoða, hýprómellósi, glýseról 85%, títantvíoxíð (E171), rautt og gult járnnoxíð (E172).

Útlit Dimax Rapid 50 mg og pakkningastærðir

Dimax Rapid 50 mg er rauðbrún, kringlótt, filmuhúðuð tafla, 11,1 mm í þvermál.

Dimax Rapid 50 mg fæst í pakkningum sem innihalda 10, 20, 20x1, 30, 50, 50x1, 100 og 100 x 1 filmuhúðaðar töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Alvogen ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Ísland

Framleiðandi

Merckle GmbH,
Ludwig-Merckle Strasse 3
89143 Blaubeuren,
Þýskaland

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í október 2025.